Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk innan HNÍ

1. Komdu fram af virðingu
    a. Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmálaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
    b. Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.

2. Vertu heiðarleg(ur)
    a. Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.
    b. Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
    c. Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.
    d. Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
    e. Forðastu eða tilkynntu fjárhagslega og persónulega hagsmunaárekstra.

3. Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd
    a. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
    b. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
    c. Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
    d. Leggðu metnað í starfið og berðu ábyrgð á eigin hegðun.
    e. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.

4. Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins
    a. Þekktu lög og reglur félagsins.
    b. Stattu vörð um anda og gildi félagsins.
    c. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
    d. Sýndu íþróttum virðingu og virtu reglur þeirra, venjur og siði.
    e. Sýndu öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að iðkendur og félagsmenn geri slíkt hið sama.
    f. Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Samþykkt af stjórn HNÍ þann 7. desember 2021